

**Stofnanasamningur**  
**Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum,**  
**og**  
**Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)**

skv. 11. kafla kjarasamnings FÍN og fjármálaráðherra, dags. 18. mars 2005

## **1. Gildissvið**

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra félagsmanna í Félagi íslenskra náttúrufræðinga sem starfa og njóta ráðningarkjara skv. fyrrgreindum kjarasamningi hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, svo og þeirra sem eru í leyfi, launuðu eða launalaus, barnsburðar- eða veikindaleyfi. Stofnanasamningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dags. 18. mars 2005, sbr. 11. gr. hans.

## **2. Grunnröðun**

### **2.1 Almennar forsendur röðunar**

Störfum skal raðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu. Raða skal í launaflokka í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna skv. hlutlægum mælikvörðum ef unnt er. Röðunin skal einkum byggjast á: Starfsskipulagi, umfangi, álagi, sjálfstæði verkefna, faglegrri og fjárhagslegri ábyrgð. Við röðun er einnig tekið mið af fag-, manna- og/eða fjárforráðum, hvort starfsmaður er staðgengill yfirmanns, ráðgjöf innan eða utan stofnunar og samstarfi við erlenda aðila.

Við grunnröðun starfa í samræmi við ákvæði samnings þessa skal miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem ráðast af þeim einstaklingum sem gegna starfinu hverju sinni.

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

### **2.2. Starfsmat**

Aðilar eru sammála um að stefna að því taka upp kerfisbundið starfsmat. Þetta er m.a. gert til þess að koma á kynhlutlausu launakerfi og tryggja að starfsmenn fái laun í samræmi við menntun, sérhæfni, ábyrgð og afköst.

### **2.3. Skilgreining starfsheita**

**Náttúrufræðingur I:** Náttúrufræðingur sem starfar undir beinni stjórn yfirmanna sinna. Hann nýtir kunnáttu sína og menntun við úrlausn þeirra verkþátta, sem honum eru faldir.

**Náttúrufræðingur II:** Náttúrufræðingur sem starfar að verkefnum er krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar. Hann starfar undir stjórn yfirmanna sinna og vinnur að stórum hluta sjálfstætt að úrlausn verkþátta.

**Náttúrufræðingur III:** Hann hefur umsjón með og ber ábyrgð á ákveðnum

verkefnum eða verkþáttum er krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar.

**Náttúrufræðingur IV:** Hann hefur umsjón með viðamiklum verkefnum eða mörgum smærri verkefnum og ber faglega og/eða stjórnunarlega ábyrgð á þeim. Tekur þátt í gerð rannsóknááætlana, söfnun og úrvinnslu gagna og túlkun niðurstaðna.

**Verkefnastjóri I/Fagstjóri:** Verkefnastjóri I/ Fagstjóri hefur umsjón með rannsókn- og/eða þjónustuverkefnum eða verkefnaflokkum og ber faglega ábyrgð á þeim. Vinnur að gerð rannsóknááætlana, söfnun og úrvinnslu gagna og túlkun niðurstaðna, hefur gjarnan samskipti við aðrar stofnanir utan- og/eða innanlands, tekur þátt í faglegri ráðgjöf, þróun og áætlanagerð í samráði við yfirmann.

**Verkefnastjóri II/Sviðsstjóri:** Verkefnastjóri II/Sviðsstjóri vinnur að verkefnastjórn eða að sjálfstæðum verkefnum, sem m.a. fela í sér gerð rannsóknááætlana, söfnun og úrvinnslu gagna og túlkun niðurstaðna og/eða skipuleggur verkefnaáætlanir sviðs í samráði við viðkomandi sérfræðinga og/eða yfirmann. Hann gætir þess að markmiðum stofnunar sé framfylgt og hefur samskipti við aðrar stofnanir utan- og/eða innanlands

**Forstöðumaður I:** Ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á háskólastofnun og stýrir stefnumótun hennar.

#### **2.4. Starfsreynsla**

Starfsreynsla er skilgreind sem samanlögð vinna starfsmanns við sitt fræðasvið óháð vinnustað. Starfsreynsla áunnin við skammtímaráðningu skal einnig teljast að fullu.

#### **2.5. Grunnröðun starfsheita**

<b>Starfsheiti</b>	<b>Lágmarkslaunaflokkur</b>
Náttúrufræðingur I	02
Náttúrufræðingur II	03
Náttúrufræðingur III	04
Náttúrufræðingur IV	08
Verkefnisstjóri I / Fagstjóri	11
Verkefnisstjóri II / Sviðsstjóri	13
Forstöðumaður	16

### **3. Menntun**

Við grunnröðun skv. ofansögðu bætist 1 launaflokkur vegna B.Sc.-120 ein. eða hliðstæðrar menntunar, 3 launaflokkar vegna meistaraþrófs eða hliðstæðrar menntunar, þ.m.t. 2ja ára framhaldsmenntunar (a.m.k. 45 einingar) í doktorsnámi og 6 launaflokkar vegna doktorsþrófs eða hliðstæðrar menntunar.

### **4. Aðrir þættir sem taka skal mið af við röðun einstaklinga í launaflokka**

Til viðbótar framangreindri röðun er hægt að hækka starfsmann skv. eftirfarandi:

#### **4.1. Starfsbundnir þættir**

Starfsskipulag og/eða skipurit stofnunar.

Sérhæfing.

Álag eða þyngd verkefna.

Ábyrgð.

#### **4.2. Persónubundnir þættir**

Hækka skal starfsmann um launaflokka vegna eftirfarandi einstaklingsbundinna þátta:

Árangur og færni

Frumkvæði og sjálfstæði

Samstarfshæfni

Reynsla

Aðrir þættir sem skipta máli í viðkomandi starfi

Starfsmenn skulu fá hækkun skv. ofansögðu án formlegs frammistöðumats.

#### **5. Endur- og símenntun**

Endur-, sí-, viðhalds- eða viðbótarmenntun í formi námskeiða, sem tengist starfi, verði metin með eftirfarandi hætti. Hér er átt við aðra menntun en um getur í 3. grein: Endur- og símenntun. Starfsmaður getur bætt við sig allt að 2 launaflokkum vegna endurmenntunar.

Náttúrufræðingur, sem lokið hefur framhaldsnámi í formi námskeiða, námsdvalar við stofnanir eða annarrar skipulagðar menntunar á háskólastigi hækkar um 1 launaflokk sé viðbótarnámið metið a.m.k. 10 einingar, en um 2 launaflokkar sé viðbótarnámið metið til 20 eininga.

Mat stofnunar skal hafa ígildi vísireglu gagnvart síðari ákvörðunum, þannig að frammistaða starfsmanna samkvæmt þessum ákvæðum séu metin með hliðstæðum hætti svo að þeir njóti jafnræðis.

#### **Skilgreining á einingu:**

Eining telst nám sem talið er ígildi einnar viku í vinnu, þ.e. í kennslustundum, undirbúningi og skipulegri þjálfun, eða 12 klst. þegar ekki er um samfellu að ræða. Nám, sem tekur eina viku eða minna, skal þó aldrei metið meira en til einnar einingar. Á sama hátt, skal nám, sem tekur yfir fleiri vikur aldrei metið til fleiri eininga, en nemur fjölda þeirra vikna, sem það tekur. Einungis skulu metin samfelld námskeið, eða námskeiðshlutar, sem teljast 1/2 eining hið minnsta eða 6 klst. samkvæmt framangreindu.

#### **6. Sérstakt tímabundið álag**

##### **6.1. Sérstök verkefni**

Heimilt er að gera samning við starfsmann um að taka að sér sérstakt verkefni sem felur í sér tímabundið álag. Gera skal viðbótarsamning við starfsmann sem tekur tímabundin verkefni að sér, t.d. ákveðna verkefnastjórnun, formennsku í nefndum, tímabundið aukið stjórnunarálag umfram stjórnunarskyldu, umsjón með nema í formlegu framhaldsnámi. Samningurinn getur falið í sér afslátt tiltekinnar vinnuskyldu eða 1-7 launaflokka hækkun eða sambland þessara leiða til þess að umbuna fyrir álagið. Hægt er að segja upp tímabundnum verkefnasamningi með þriggja mánaða fyrirvara.

Ef tímabundið verkefni hefur varað lengur en í 2 ár skal tímabundinn samningur verða ótímabundinn og þá skal líta svo á að um viðvarandi/-stöðugt verkvið sé að ræða. Um uppsögn á slíkum ráðningarkjörum gilda ákvæði laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

## **6.2. Árangursbundin laun**

Heimilt er að veita aukabóknun vegna lúkningar verkefna/greinaskrifa og getur hún numið allt að tveimur mánaðarlaunum.

Ljúki starfsmaður umfangsmiklu eða sérlega athyglisverðu verkefni á starfssviði sínu, getur forstöðumaður ákvarðað honum aukabóknun, er numið getur einum eða tveimur mánaðarlaunum viðkomandi manns.

Greiðslur aukabóknana fyrir verkefni eru bundnar eftirfarandi:

1. Verkefni eða afmörkuðum þætti þess sé lokið með grein í ritryndu tímariti eða bókarkafla.
2. Verkefnið sé innan verkefnasviðs stofnunarinnar.
3. Með sanni verði ætlað, að ekki hafi verið umbunað að fullu fyrir verkið áður.
4. Þóknunin er veitt að undangengnu hlutlægu mati þriggja manna, sem aðilar koma sér saman um.

## **7. Réttur til endurmats á starfi og framgangur**

**7.1.** Telji starfsmaður, miðað við fyrirbyggjandi forsendur aðlögunarnefndar um röðun, að honum sé ekki rétt raðað, á hann rétt á því að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samráðsnefndar /samstarfsnefndar sbr. kafla 11.2.1 í nógildandi kjarasamningi.

**7.2.** Frammistöðumatkerfi verði tekið upp samkvæmt nánari ákvörðun samstarfsnefndar HÍ og FÍN eða í endurskoðun stofnanasamnings.

**7.3.** Stofnunin skal á grundvelli frammistöðumats færa starfsmenn milli starfaskilgreininga og launaflokka.

**7.4.** Óski starfsmaður endurmats skal stofnun verða við því a.m.k. árlega. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir hækkun frá þeim tíma.

## **8. Ráðning í starf**

Aðilar eru sammála um að það hvernig aflað er fjár til að greiða starfsmanni laun hafi ekki áhrif á stöðu hans gagnvart kjarasamningi eða lögum.

## **9. Ákvæði um endurskoðun**

Aðilar eru sammála um að endurskoða ef annar aðili þess óskar, ákvæði þessa stofnanasamnings.

## 10. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006

Reykjavík, 20. október 2006

F.h.

Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í  
meinafræði að Keldum

Sigurður Ingrason  
Helgi S. Helgason  
Þóðda Jónsson  
~~Þóðda~~

F.h. Félags ísl. náttúrufræðinga

Nala Fimildóttir  
Sigurbjörg Þorsteinsson  
Þururli Haraldsson

## **Bókun 1**

Aðilar eru sammála um að með stofnanasamningi dags. 20. október 2006 hefur styrking/þróun launakerfisins skv. grein 3 í miðlægum kjarasamningi Félags íslenskra náttúrufræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 18. mars 2005, farið fram.

## **Bókun 2**

Náttúrufræðingur í framhaldsnámi getur verið í hlutastarfi en þó ekki en í lægra hlutfalli en 35%. Doktorsnemi sem lokið hefur 2ja ára framhaldsnámi (a.m.k. 45 einingum) skal ekki raðast lægra en Náttúrufræðingur II. Doktorsnemar geta raðast í Náttúrufræðingur II eða III.

Reykjavík 20. október 2006